

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 11.01.2023

Sameining á starfsfólki milli Domain-a.....	2
Félagsmiðstöðvar, greining á kerfi	3
Vefþula	5

Verkefnaráðsfundur 11.01.2023

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 11.01.2023
Dagsetning 11.01.2023	Staðsetning Borgartún
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Edda Jónsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson, Stefán Viðar Grétarsson, Jón Hafstein Jóhannsson	
Fjarverandi: Enginn	
Fundarritari: Edda Jónsdóttir	

Dagskrá fundar

Miðvikudagurinn, 11. janúar 2023, kl. 10-11, Þverárkot.

10:00-10:05 Uppstilling

10:05- 10:20 Sameining á starfsfólki milli Domain-a og innleiðing á M365 - Loftur og Sævar Guðbergs

10:20 - 10:25 Umræður

10:25 - 10:40 Félagsmiðstöðvar, greining á kerfi - Jón Hafsteinn og Sævar Guðbergs

10:40 - 10:45 Umræður

10:45 - 10:55 Vefpula - Magnús

10:55 - 11:00 Umræða

11:00 Fundi slitið

Sameining á starfsfólki milli Domain-a

Í lok árs 2015 og byrjun árs 2016 var tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar skipt upp í tvö tölvuumhverfi (domain), almennt tölvuumhverfi (*domain, Reykjavik.is*) og skólatölvuumhverfi (*education domain, RVKSkolar*). Í skólatölvuumhverfinu eru um 6.000 notendur sem vinna á yfir 150 starfsstöðvum borgarinnar. Hvatinn að uppskiptingu á sínum tíma var kostnaður við Microsoft leyfin, en út af verðskrá Microsoft voru leyfin mun ódýrari fyrir skólatölvuumhverfið en hefðbundnu leyfin fyrir borgina og heimilaði Microsoft ekki að þeim leyfum væri blandað saman í tölvuumhverfi með s.k. *Enterprise* leyfum.

Að hafa notendur á tveimur tölvuumhverfum er mjög hamlandi fyrir stafrænna umbreytingu og hefur bein áhrif á heildar skipulagsheildina hvað lítur að skilvirkni og upplifun notandans (*ibúa og starfsólks*). Áhrifin eru m.a. mjög hamlandi í samstarfi milli starfsfólks sem vinnur í ólíkum tölvuumhverfum en dæmi eru um að starfsfólk sé ekki með sameiginlega sýn á fundarherbergi né dagatöl auk þess að það getur ekki unnið saman á skilvirkan hátt þar sem ekki er hægt að deila gögnum með góðum og öruggum hætti án þess að fara í sértæka og oft kostnaðarsama vinnu við samþættingu umhverfanna.

Þá er ekki hægt að klára innleiðingu á Hlöðunni, skjalakerfi Reykjavíkurborgar sem og innleiðingu á Microsoft 365 hjá borginni þar sem ekki er tæknilega mögulegt að innleiða sumar lausnir hjá starfsfólki sem er í skólatölvuumhverfinu nema með töluverðum tilkostnaði. Þetta er þess valdandi að starfsfólk í skólatölvuumhverfinu getur ekki sinnt skjölun í Hlöðunni né heldur notað m.a. *MS*

Teams símann og *MS Sharepoint*. Sem dæmi þá var flækjustigið við smíði á lausn fyrir rafrænar undirritanir mun meira heldur en ef um væri að ræða eitt umhverfi og því varð kostnaður við verkefnið meiri en ef notendur borgarinnar hefðu verið í einu tölvuumhverfi.

Þá mun verkefnið leiða til tölvuverðar lækkunar á rekstrarkostnaði þar sem gert er ráð fyrir að kostnaður við vinnu við rekstur muni lækka með einfaldara rekstrarumhverfi. Allar tölvur borgarinnar á skólatölvuumhverfinu verða settar upp á nýtt í Reykjavík.is sem og m.a. prentarar, fundarherbergi og AD hópar (*Active directory*) verða fluttir yfir og sameinaðar í í eitt tölvuumhverfi (*domain, reykjavik.is*).

Verkefnið sameining á starfsfólki milli tölvuumhverfa og innleiðing á M365 snertir notendur þó mismikið. Notendur sem vinna þvert á aðrar deildir munu einna mest finna fyrir breytingunni þar sem það opnar á að nota m.a. Hlöðuna, MS Teams og MS Sharepoint. Skilvirkni í samvinnu milli deilda mun aukast sem leiðir af sér tímasparnað og aukna starfsánægju. Aukið öryggi næst fram með því að færa gögn upp í skýið og virkja tvíþætta auðkenningu (*Multi factor authentication, MFA*).

Nánari upplýsingar um verkþætti verkefnisins sem og áhrif þess á notendur í tölvuumhverfi borgarinnar má finna í fylgigögnum fundargerðar frá 30.11.2022 sem og þessarar fundargerðar.

Nánari upplýsingar um ávinning verkefnisins í formi hagræðingar í rekstri og vinnusparnaðar má lesa um í fylgigögnum þessarar fundargerðar.

Niðurstaða Verkefnaráðs

Nr.	Ákvörðun
	Verkefnatillaga samþykkt og verkefnið rúmast innan fjárfestingaráætlunar ÞON
	Mikilvægt að verkefninu sé stýrt með skýrri Verkefnastjórnun.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefni fer á bið eftir verkefnastjóra	GK	

Félagsmiðstöðvar, greining á kerfi

Niðurstaða forgreiningar

Í dag eru tæplega 10.000 nemendur sem eiga möguleika á að sækja félagsmiðstöð. Ekkert kerfi er í dag til að halda utan um starfseminu; tölfræði, skráningar, greiðslur, samskipti við notendur osfrv.

Árið 2019 var famkvæmd þarfa greining fyrir félagsmiðstöðvarnar og farið í verðfyrirspurn. Þar sem SFS hafði ekki tryggt fjármagn til rekstrar á kerfinu var fallið frá kaupum og innleiðingu í starfsemina. Í september 2022 var verkefnið tekið upp á ný hjá Verkefnaráði ÞON sem samþykkti að endurmeta þarfir félagsmiðstöðva með forgreiningu á stöðu mála.

Niðurstaða forgreiningarinnar var sú að ef innleidd yrði lausn sem halda myndi utan um starfsemi félagsmiðstöðva þá myndi skilvirkni og hagræði í rekstri aukast töluvert. Töluverður vinnu- og tímasparnaður fælist í slíkri sjálfvirknivæðingu þar sem starfsfólk yrði losað undan óþarfa handvinnu við skráningu og uppgjör inn á félagsmiðstöðvunum. Þá myndi góð lausn veita yfirsýn yfir starfsemi félagsmiðstöðva eftir þörfum hvers notendahóps fyrir sig en leiða má líkur að því að það myndi auka starfsánægju starfsfólks félagsmiðstöðva sem og ánægju þeirra ungemenna sem eru notendur þjónustunnar.

Ávinningur verkefnisins:

- Varlega áætlað hagræði verkefnisins er 5 klst. á mánuði hjá starfsfólki á öllum 24 félagsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar eða sem nemur 1440 klst. á ársgrundvelli.
- Opnar möguleika á gagnadrifnum ákvörðunum, sem myndi skila hagræði í rekstri sem og að auknum gæði þjónustunnar.
- Stóraukin þjónusta við borgarbúa með skilvirkri framsetningu á starfsemi félagsmiðstöðvanna.
- Skýrslugerð um starfsemi félagsmiðstöðva verður sjálfvirknivædd með tilheyrandi tímasparnaði.
- Öll meðhöndlun á fjármunum og uppgjör tengt starfsemi félagsmiðstöðva verður sjálfvirknivædd, sem leiðir til mikillar einföldunar í allri fjárhagsáætlunargerð og fjárstýringu félagsmiðstöðva borgarinnar.
- Mikill tími sem fer í uppgjör og ut anumhald hjá starfsmönnum félagsmiðstöðva, þjónustumiðstöðvum og fjárstýringu FAS mun sparast.
- Umsýsla félagsmiðstöðva með reiðufé í dag, fari alfarið í gegnum þær tengingar sem settar verða upp í tengslum við nýjan færsluhirðingarsamning borgarinnar.

Áætlaður kostnaður vegna verkefnisins er eftirfarandi:

- Innleiðingarkostnaður 3 mkr.
- Árlegur rekstrarkostnaður 5 mkr.
- Lagt er til að Eignasjóður greiði innleiðingarkostnað og rekstur fyrstu tvö árin.
- SFS hefur samþykkt að greiða árlegan rekstrarkostnað skv. verðskrá frá og með þriðja ári

Tilögur úr forgreiningu um næstu skref

- ÞON leggur til verkefnastjóra á innleiðingartíma
- SFS leggur til starfsmann í verkefnið á innleiðingartíma
- Samþykki fyrir að fara með verkefnið í formlegt innkaupaferli
- Ákjósanlegt að fyrstu innleiðingar á nýju kerfi fyrir félagsmiðstöðvar klárast fyrir vorið 2023 og að innleiðingu ljúki við upphaf skólaárs 2023

Niðurstaða verkefnaráðs PON

Verkefnaráð PON samþykkir framkvæmd verkefnisins og leggur til að skýr verkefnastjórnun verði um framkvæmd verkefnisins.

Nr	Ákvörðun
1	Verkefnaráð PON samþykkri verkefnatillögu og verkefni fer í framkvæmd

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
2	Verkefni úthlutað til Verkefnastofu PON	EJ	x

Vefpula

Notendur vefja Reykjavíkurborgar geta í dag ekki notað lausn á vefjunum til að yfirfæra upplýsingar á textaformi yfir á hljóðform. Það að yfirfæra texta á hljóðform er sér í lagi mikilvægt fyrir blinda og sjónskerta en einnig fyrir aðra notendahópa þjónustu borgarinnar eins og t.d. þau sem hafa íslensku sem annað tungumál, þau sem eiga í erfiðleikum með lestur eða þau sem vilja hlusta á ferðinni.

Í aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar er kveðið á um að tryggja skuli aðgengi allra borgara að upplýsingum vefa borgarinnar og ljóst er að án lausnar sem setur textaform yfir á hljóðform er borgin ekki að uppfylla kröfur stefnunnar.

Reykjavíkurborg er nú þegar með leyfi fyrir notkun á lausninni *Readspeaker* (leyfi í gildi frá 2020) en Blindrafélagið er endursöluaðili lausnarinnar. *Readspeaker* hefur þann eiginleika vera sett inn (*Embedded*) á allar síður vefja sem hlekkur (*tákn*) sem notendur síðanna geta notað og þá les lausnin allan texta síðunnar.

Lausnin *Readspeaker* er ekki uppsett í dag á vefjum borgarinnar og bæði notendur vefjanna sem og hagsmunasamtökin Öryrkjabandalagið hafa bent á mikilvægi þess að setja lausnina á vefi borgarinnar.

Til þess að lausnin verði hluti af vefjum borgarinnar þar að setja hana upp. Það felur í sér vinnuframlag bæði sérfræðinga borgarinnar sem og aðkeypra sérfræðinga og áætlað er að það vinnuframlag nemi um fimm til sex milljónum króna í yfirreiknaðan kostnað út frá áætluðum fjölda vinnustunda.

Niðurstaða Verkefnaráðs PON

Verkefnaráð PON samþykkir verkefnatillöguna og leggur áherslu á að verkefnið verði unnið sem fyrst enda um mikilvægt aðgengis verkefni á ræða. Þá er lögð áhersla á að skoða samninginn milli RVK og Blindrafélagsins, greiðslur í dag og tímalengd.

Verkefnið er að þeirri stærðargráðu að ekki þarf heimild frá Borgarráði til framkvæmdar.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð ÞON samþykkri verkefnatillögu og verkefni fer í framkvæmd sem allra fyrst.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefni sett í verkefnastýringu hjá vefdeild	EJ	
2	Vefdeild skoðar og staðfestir gildandi samning um lausnina <i>Readspeaker</i> .	EJ	

Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 02.02.2023.